

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**758. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 10. september 2012  
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### Dagskrá:

1. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi.
2. Erindi Hannesar Lárussonar og Sólveigar Sigurbjörnsdóttur.
3. Erindi Júlíusar M. Baldurssonar.
4. Bréf fjárlaganefndar Alþingis.
5. Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
6. Bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

### Afgreiðslur:

1. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 15. ágúst 2012, þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Magnúsar Freys Jónssonar f.h. Reykjahöfða ehf. um leyfi skv. lögum nr. 85/2007 um veitinga, gististaði og skemmtanahald. Sótt er um leyfi til að reka gististað í flokki II í Kirkjuhvammi, Smáhýsi á Hvammstanga. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra
2. Lagt fram erindi Hannesar Lárussonar og Sólveigar Sigurbjörnsdóttur dags. 3. september. 2012, þar sem óskað er eftir meðmælum sveitarstjórnar Húnaþings vestra vegna fyrirhugaðra kaupa á ábýlisjörð þeirra Óspaksstöðum í Húnaþingi vestra og staðfestingu um ábúð og lögheimili. Byggðarráð samþykkir að mæla með því að Hannes og Sólveig fái að kaupa jörðina og staðfesta að þau hafa stundað sauðfjárbúskap á jörðinni í áratugi og eiga þar lögheimili.
3. Lagt fram erindi Júlíusar M. Baldurssonar dags. 4. september 2012, þar sem óskað er meðmæla vegna umsóknar hans um leigu á jörðinni Tjörn á Vatnsnesi. Erindinu frestað til næsta fundar.
4. Lagt fram bréf fjárlaganefndar Alþingis dags. 3. september 2012, þar sem fulltrúum sveitarfélaga er boðið til fundar um fjármál sveitarfélaga í tengslum við gerð fjárlagafrumvarps 2013. Fundirnir eru 8. 10. 12. og 15. október n.k. Samþykkt að óska eftir fundi þann 10. október n.k.
5. Lagt fram fundarboð á ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2012, sem haldinn verður miðvikudaginn 26. september n.k. kl 16:00 á Hilton Nordica í Reykjavík. Byggðarráð samþykkir að sveitarstjóri sækinn fundinn.
6. Lagt fram bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 3. september 2012, þar sem sveitarfélögum er gefinn kostur á að gefa umsögn um drög að heildstæðu frumvarpi til náttúruverndarlaga. Umsögn þarf að hafa borist í síðasta lagi 25. september n.k. Erindinu vísað til skoðunar umhverfisstjóra og forstöðumanns tæknideildar.

Fundargerð upplesin

Fundi slitið kl: 14:34

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

---

Stefán E. Böðvarsson

---

Elín R. Líndal.

Áheyrnarfulltrúar:

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri